

**Starfshópur um stefnumótun**  
**Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra**

5. fundur haldinn á Ráðhúsloftinu 22. september 2021

Fundur hófst kl. 19:30.

**Fundinn sátu:**

Sumarliði Ásgeirsson formaður  
Hanna Jónsdóttir  
Ingveldur Eyþórsdóttir  
Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi  
Birta Antonsdóttir formaður velferðar- og jafnréttisnefndar  
Guðrún Gunnarsdóttir formaður öldungaráðs.  
Hildur Lára Diego Ævarsdóttir formaður stjórnar Dvalarheimilis  
Kristín Sigríður Hannesdóttir forstöðumaður Dvalarheimilis  
Brynja Reynisdóttir forstöðumaður heimahjúkrunar HVE  
Halldóra Sverrisdóttir formaður Aftanskings.  
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Magnús Ingi Bæringsson

Á fundin voru boðaðir formenn öldungaráðs, velferðarnefndar, Aftanskings, stjórn dvalarheimilis, forstöðumaður dvalarheimilis, forstöðumaður heimahjúkrunar HVE.

Formaður kynnti helstu markmið með skipan starfshóps og mikilvægi þess að nefndin fengi gott veganesti inn í vinnuna frá sem flestum.

Mikil og góð umræða varð þar sem fram kom m.a.:

Núverandi mat inn á búseturéttabúðarnir og svo inn á núvarandi hjúkrunarrými og verðandi.

Núverandi starfsfólk dvalarheimilis hafi mikla sinnu gangvart íbúðum, jafnvel langt fram yfir það sem þeim ber skilda til.

Félag landsambands eldri borgara hefur rætt um sambýli fyrir eldri borgara og framtíðahlutverk þeirra. Sameiginlegt uppvask og samvera.

Á að bjóða upp á að eldri borgarar í bænum geti komið í húsnæði til að borða? Þannig sótt í félagsskap í leiðinni. Fundurinn sammála um að bjóða þurfi áfram upp á þvott. Sama hvort það verði í húsnæði við Skólástíg eða samið við verktaka um slíkt. Með því að tryggja starfsmann í húsinu þá er líklegra að íbúi sem ekki er með tengslanet geti verið þar lengur.

Ef það er dagvistun í húsinu þá þarf oft starfmann til að fylgja viðkomandi yfir daginn, fer allt eftir stöðu viðkomandi. Einni hefur íbúum búseturéttaríbúða verið sinnt af starfsfólki dvalarheimilis á kvöldin og um nætur ef bjöllu er hringt.

Þekkist að fólk sér sjálf um félagsstarf og mat en aðstaða til staðar.

Á að bjóða upp á íbúðir án eldunaraðstöðu.

Samþætting milli HVE og félagsþjónustu komið á í eitthvað af sveitarfélögum á starfssvæði HVE. Skoða vel með innliti kvölds og morgna. Stilla saman komu HVE og félagsþjónustuna þannig tryggja að heimsókn heimahjúkrunar og félagsþjónustu sé ekki sama dag.

Rætt um mikilvægi þess að tryggja öryggi einstaklings og þegar þannig er komið að áhyggjur heimahjúkrunar eru orðnar miklar að fara frá eldri borgara þar sem ekki er vitað hvað langt er í að næsta heimsókn komi. Ýmislegt getur komið upp á og enginn ættingi eða vinur til staðar sem kíkir við. Mikilvægt er fyrir þennan hóp að redda lyfjum og hjálpartækjum, að þau finni fyrir öryggi. Núna er þrjú starfsmenn að sinna heimahjúkrun í hlutastarfi og með um 30 skjólstæðinga.

Hversu langt á að ganga með fjölda heimsókna og sinna fólki áður en það fari á hjúkrunarheimili?

Næsti fundur starfshóps ákveðinn 5 okt. í ráðhúsi kl. 19.30 og opin kynningafundur með íbúum 60+ á bókasafni 6. Okt. kl. 17:00. Ferð í Hveragerði fyrir nefndina að kynna sér málaflökkinn og aðstöðu fyrirhuguð 4 nóv.

**Fundi slitið kl. 21:30**